

Ákvörðun nr. 12/2022
Miðvikudagur, 1. júní 2022

Kaup Rotovia hf. á öllum hlutum í RPC Promens International BV

1. Þann 2. mars 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Rotovia hf. (hér eftir „Rotovia“) og RPC Promens International BV (hér eftir „Promens“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 3. mars 2022. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið einkum til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
2. Þann 1. apríl 2022 bárust Samkeppniseftirlitinu tillögur að skilyrðum frá samrunaaðilum. Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að aðilar hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Var sáttin undirrituð þann 9. maí 2022 og felur hún í sér að samrunanum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

I. Samruninn

3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Með kaupnum eignast Rotovia allt hlutafé í Promens og því fellur samruninn undir c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Að auki mun Rotovia kaupa allt hlutafé í Promens France SAS (hér eftir „Promens Frakklandi“). Þar sem hvorki Promens Frakklandi, né dótturfélög þess, hafa nokkra veltu á Íslandi verður ekki gerð nánar grein fyrir starfsemi þeirra.
4. Í samrunaskrá segir að Rotovia sé félag sem stofnað hafi verið utan um sameiginlega fjárfestingu Freyju og SÍA IV í Promens. Rotovia sé í 30% eigu Emblu Invest ehf. (hér eftir „Embla“) og 70% eigu Dalarótar ehf. (hér eftir „Dalarót“).
 - a) Embla er dótturfélag Freyju framtakssjóðs slhf., sem fer með u.þ.b. 85% eignarhlut í Emblu. Stormtré ehf. (hér eftir „Stormtré“) og Jasnik ehf. (hér eftir Jasnik) fara með u.þ.b. 15% eignarhlut í Emblu.
 - Freyja er framtakssjóður í rekstri Kviku eignastýringar hf. og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er tilgangur félagsins að ávaxta fé hluthafa með fjárfestingu í óskráðum íslenskum fyrirtækjum, m.a. í tengslum við fjármögnun innri eða ytri vaxtartækifæra, kynslóðaskipta eða aðrar breytingar á eignarhaldi, fjárhagslega eða rekstrarlega endurskipulagningu eða sölu stærri fyrirtækja á smærri einingum. Freyja er jafnframt áhrifafjárfestir sem tekur virkan þátt í stefnumótun þeirra félaga sem fjárfest er í.
 - b) Dalarót er dótturfélag SÍA IV slhf. (hér eftir „SÍA IV“).



- SÍA IV er framtakssjóður í rekstri Stefnis hf. Tilgangur félagsins eru fjárfestingar í eignarhlutum í félögum. Sjóðurinn var stofnaður árið 2021 og áætlað er að SÍA IV fjárfesti í fimm til sex óskráðum fyrirtækjum í ólíkri starfsemi. Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum og er fyrirtækið dótturfélag Arion banka hf.
- c) Í samrunaskrá segir að félögin Rotovia, Embla og Dalarót hafi öll verið stofnuð í tengslum við kaup Rotovia á Promens. Rotovia var stofnað sérstaklega um viðskiptin en Dalarót og Embla munu fara með sameiginleg yfirráð yfir Rotovia á grundvelli hluthafasamkomulags um meðferð hlutafjareignar í Rotovia og Promens.
5. Þá segir í samrunaskrá að Promens og Promens í Frakklandi séu móðurfyrirtæki samstæðu fyrirtækja sem starfi í plastframleiðslu. Dótturfélag Promens hérlendis sé Promens Reykjavík ehf. Tvö framleiðslufyrirtæki innan samstæðunnar eru með rekstur á Íslandi, annars vegar Sæplast Iceland ehf. (hér eftir „Sæplast“) og hins vegar Tempra ehf. (hér eftir „Tempra“). Framleiðsluaðferð og vörur fyrirtækjanna eru ólíkar.
- a) Sæplast er leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á tvöföldum einangruðum kerum og þreföldum sérstyrktum PE kerum og brettum sem notuð eru í matvælaframleiðslu og í endurvinnsluiðnaði. Þá framleiðir Sæplast jafnframt byggingartengdar plastvörur, líkt og brunna, tanka, rotþrær og skiljur.
- Itub, keraleigufyrirtæki sem leigir út ker frá Sæplasti, er dótturfélag í meirihlutaeigu Sæplasts.
- b) Tempra er leiðandi fyrirtæki á íslenskum markaði í framleiðslu á umbúðum fyrir ferskfiskútflutning og einangrun fyrir byggingariðnað úr EPS sem í daglegu tali þekktist sem frauðplast. Tempra sérhæfir sig í framleiðslu á umbúðum annars vegar og einangrun fyrir byggingar hins vegar. Ásamt því að framleiða húsaeingangrun og umbúðir býður Tempra upp á ýmsa fylgihluti til flutnings ferskra afurða sem og einangrunar.

II. Niðurstaða

6. Kaup Rotovia á Promens felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga, líkt og áður greinir. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni getur stofnunin gripið til íhlutunar með setningu skilyrða sem tryggja eiga virka samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna þess samruna sem hér er til umfjöllunar. Einnig er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar lúti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt af sér.

1. Skilgreining markaða

7. Í samrunaskrá kemur fram að samruninn sé samsteypusamruni þar sem engin skörun sé á starfsemi Rotovia og félaga sem fari með yfirráð yfir Rotovia og Promens. Þeir markaðir sem samrunaaðilar starfi á séu því ekki tengdir. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að Freyja og SÍA IV starfi á fjármálamarkaði og tilteknum undirmörkuðum hans, þ.m.t. en ekki takmarkað við, markað fyrir fjárfestingastarfsemi, markað fyrir fyrirtækjaráðgjöf, markað fyrir verðbréfamiðlun og markað fyrir eignastýringu.



8. Þá segir í samrunaskrá að Promens sé eignarhaldsfélag sem haldi utan um hluti félagsins í tveimur dótturfélögum þess, Sæplasti og Tempru.
- a) Starfsemi Sæplasts fari helst fram á markaði fyrir framleiðslu á plastkörum fyrir matvælaframleiðslu, markaði fyrir framleiðslu á plastkörum fyrir endurvinnsluiðnað og markaði fyrir framleiðslu á byggingartengdum vörum úr plasti. Telja samrunaaðilar landfræðilega markaðinn fyrir framleiðslu á plastkörum og endurvinnsluiðnað vera a.m.k. Evrópa en Sæplast framleiði vörur sínar hér á landi og selji í miklu magni út fyrir landsteinana. Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður fyrir framleiðslu á byggingartengdum vörum úr plasti sé landsbundinn, en Sæplast selji vöurnar fyrst og fremst til byggingarvöruverslana í landinu.
 - b) Þá segir að samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017, *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.* fari starfsemi Tempru fyrst og fremst fram á markaði fyrir framleiðslu og sölu á vörum úr EPS (e. *expanded polystyrene*) frauðplasti, annars vegar framleiðslu frauðplastkassa (einnota umbúðir fyrir matvælaiðnað) og hins vegar frauðplasteinangrunar (fyrir húsaeinangrun). Þá telji samrunaaðilar að landfræðilegir markaðir framangreindra markaða sé landið allt.
9. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vörumarkaðinn með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið enn fremur ekki tilefni til að gera athugasemd við skilgreiningu samrunaaðila á landfræðilegum mörkuðum.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

10. Í samrunaskrá kemur fram að með samrunanum verði engin breyting á markaðshlutdeild aðila og engin breyting verði á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun því engin. Ekki séu því líkur á skaðlegum áhrifum á samkeppni, s.s. að útilokunaráhrif skapist, þar sem samrunaaðilar starfi á ótengdum mörkuðum. Þá sé samrunaaðilum ekki kunnugt um að hluthafar í Freyju og SÍA IV, né aðrir sjóðir í rekstri Kviku eignastýringar eða Stefnis, fari með yfirráð, bein eða óbein yfir félögum sem starfi á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir.
11. Ljóst er að samruninn er samsteypusamruni. Þeir samkeppnisbrestir sem kunna að skapast vegna þessa máls eru því ekki vegna aukinnar samþjöppunar á mörkuðum eða lóðréttra áhrifa. Mögulegir samkeppnisbrestir stafa fyrst og fremst af tengslum viðskiptabanka og sjóða við fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Samkeppniseftirlitið hefur frá hruni beitt sér gagnvart samkeppnisbrestum sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, en eignarhald þessara aðila getur við tiltekna aðstæður skapað hættu á samkeppnishindrunum. Samruni þessi er þó ólíkur því þegar viðskiptabanki á beinan eignarhlut í fyrirtæki á samkeppnismarkaði, líkt og fjallað var um í kafla I hér að framan.
12. Í máli þessu hafa Stefnir, SÍA IV, Freyja framtakssjóður og Kvika eignastýring gengist undir skilyrði sem sporna eiga gegn skaðlegum hagsmunatengslum sem stafað geta af eignarhaldi SÍA IV og Freyju á atvinnufyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Lítur Samkeppniseftirlitið svo á að með sáttinni við samrunaaðila hafi verið komið í veg fyrir mögulega samkeppnisbresti sem ella kynnu að leiða af aðkomu framangreindra fyrirtækja að samrunanum.



III. Ákvörðunarorð

„Kaup Rotovia hf. á RPC Promens International BV fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. c samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði, sbr. sátt eftirlitsins og samrunaaðila, dags. 9. maí 2022. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:

1.gr. Almennt

Markmið þessarar sáttar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi SÍA IV og FREYJU á Rotovia og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA IV og FREYJU á öðrum atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Rotovia á þeim mörkuðum sem fyrirtækið og innlend dótturfélög þess starfa á.

2. gr. Sjálfstæði Rotovia

- a) Stjórnarmenn í Rotovia skulu vera óháðir Arion banka hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Arion banka hf. eða tengdum félögum ístörfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Stefnis hf. sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn Rotovia.
- b) Þeir sem SÍA IV og FREYJA skipa í stjórn Rotovia, skulu ekki vera tengdir keppinautum Rotovia í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem SÍA IV og FREYJA koma að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem SÍA IV og FREYJA koma að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Arion banka hf. í skilningi a) liðar þessarar 2. greinar.
- c) Þeir aðilar sem sitja í stjórn Rotovia fyrir hönd SÍA IV og FREYJU skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

3. gr. Upplýsingagjöf til hluthafa SÍA IV

Stjórn og starfsmenn SÍA IV og FREYJU skulu haga samskiptum við hluthafa SÍA IV og FREYJU með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim markaði sem Rotovia starfar á sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa SÍA IV og FREYJU sem eiga eignarhluti í keppinautum Rotovia skal þess gætt að veita aðeins nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaða geta samkeppni berist ekki til þeirra.

4. gr. Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef SÍA IV og/eða FREYJA missa yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir Rotovia. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti



að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

**5. gr.
Viðurlög**

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson